

FBM FRÉTTABRÉF

NÝJUSTU FRÉTTIR FRÁ FÉLAGI BÓKAGERÐARMANNA

Útgefandi: FBM Hverfisgötu 21, Rvík. Sími 552 8755, www.fbm.is 1. tölublað apríl 2009. Ábyrgðarmaður: Georg Páll Skúlason



Frá aðalfundi FBM 2009

Aðalfundur FBM var haldinn laugardaginn 18. apríl s.l. á Grand hótél v/Sigtún.

Eftir skýrslu stjórnar og yfirferð reikninga félagsins sem send var til allra félagsmanna var umræða um starf stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Samþykkt var tillaga stjórnar og trúnaðarráðs um óbreytt félagsgjöld út árið 2009.

Því næst fóru fram stjórnarskipti en eftirfarandi aðilar skipa stjórn FBM tímabilið 2009 – 2010 Georg Páll Skúlason, formaður, Anna Helgadóttir, Prentsmiðjuni Odda, Oddgeir Þór Gunnarsson Prentsmiðjuni Odda, Óskar R. Jakobsson, Litlaprenti, Páll Reynir Pálsson, Litlaprenti, Stefán Ólafsson, Morgunblaðinu og Þorkell S. Hilmarsson, OPM.

Varastjórn: Anna Haraldsdóttir, Morgunblaðinu, Elín Sigurðardóttir, Hrafnhildur Ólafsdóttir, FBM, Hrefna Stefánsdóttir, Róbert Ericsson, Prentmeti og Sæmundur Árnason.

Eftirtalin voru kjörin í embætti á vegum félagsins:

Skoðunarmenn: Hallgrímur Helgason og Tryggvi Þór Agnarsson. Til vara: Stefán Sveinbjörnsson og Páll Heimir Pálsson. Ritstjóri Prentarans, Hrafnhildur Ólafsdóttir.

Ritnefnd: Hrönn Jónsdóttir, Þorkell S. Hilmarsson, Magnús Þór Sveinsson og Guðný Lára Jónsdóttir.

Fulltrúaráð Sameinaða lífeyrissjóðsins: Til tveggja ára: Bragi Guðmundsson, Georg Páll Skúlason og Sigurður Valgeirsson. Til vara: Svanur Jóhannesson, Kristín Helgadóttir og Páll Reynir Pálsson. Laganefnd: Sæmundur Árnason, Bragi Guðmundsson og Georg Páll Skúlason. Bókasafnsnefnd: Sæmundur Árnason, María H. Kristinsdóttir og Svanur Jóhannesson.

Stjórn félagsins skipti með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar 21. apríl s.l.:

Georg Páll Skúlason, formaður, Oddgeir Þór Gunnarsson, varaformaður, Stefán Ólafsson, ritari, Þorkell S. Hilmarsson, gjaldkeri, Anna S. Helgadóttir, Óskar R. Jakobsson og Páll Reynir Pálsson meðstjórnendur.

Hátíðarkaffi 1. maí

Félag bókagerðarmanna býður félagsmönnum sínum í hátíðarkaffi 1. maí, eftir ráðuhöld á Austurvelli, milli kl. 15.00 -17.00. Stjórn félagsins hvetur alla félagsmenn til að mæta í kröfugöngu sem að fer frá Hlemmi kl. 13.00.

Lóð í miðhverfi í Miðdal laus til úthlutunar

FBM auglýsir lóð við S-götu 3 til úthlutunar í miðhverfinu í Miðdal. Lóðin er 1870 fermetrar að stærð. Um er að ræða aðeins eina lóð sem áður var búið að úthluta en kemur að nýju til úthlutunar.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á skrifstofu FBM. Umsóknir berist til FBM fyrir kl. 16.30 mánudaginn 25. maí 2009.

Ef fleiri en ein umsókn berst um lóðina verður dregið um hver fær hana.

sjá nánar á www.fbm.is

Úthlutun orlofshúsa FBM

Sumarúthlutun 2009 er lokið. Alls sóttu 173 félagsmenn um og fengu 82 úthlutað húsi eða íbúð. Þeir sem að sóttu um fá bréf þar sem fram kemur hvort þeir hafi fengið úthlutað orlofshúsi eða ekki. Eindagi á greiðslum orlofshúsa er 4. maí næstkomandi. Þeir sem að fá ekki úthlutað í fyrstu úthlutun fara sjálfkrafa á biðlista og verður úthlutað aftur til þeirra 6. maí þeim húsum sem verður skilað inn.

Ef einhverjar vikur verða lausar eftir seinni úthlutun þá verða þær auglýstar sérstaklega á vef félagsins www.FBM.is

Úr kjarasamningi FBM og Samtaka atvinnulífsins.

6.1. Sumarleyfi

Starfsfólk skal fá 25 virka daga í sumarleyfi með fullu kaupi, enda hafi það unnið í sama fyrirtæki í eitt ár samfleytt.

Eftir 5 ár samfellt í sama fyrirtæki; 28 dagar

Eftir 10 ár í iðninni; 29 dagar

Frá 1. maí 2009 breytist orlofsinnvinnsla sem hér segir:

Eftir 10 ár í iðninni; 30 dagar

N.B. Félagsmenn sem hafa unnið 10 ár í iðninni eiga 30 daga sumarorlof sumarið 2009.

Starfsfólk, sem unnið hefur skemur en eitt ár í sama fyrirtæki, skal fá sumarleyfi með fullu kaupi í hlutfalli við þann tíma, sem það hefur unnið.

Veita ber a.m.k. 20 virka daga í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara, á þann hátt að sem minnst röskun verði á starfsemi fyrirtækisins. Þeir sem samkvæmt ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% lagi á það sem vantar uppá 20 daga.

■ Vetrarorlof þarf að tilkynna fyrir 1. maí: 6.2 í kjarasamningi FBM og SA um sumar og vetrarorlof:

Óski starfsmaður með 9 ára starfsreynslu að taka vetrarorlof, þá geymast 5 dagar af sumarorlofi og verði þá vetrarorlof samtals 10 dagar. Óski starfsmaður með 10 ára starfsreynslu eða meira að taka vetrarorlof þá geymast 5 dagar af sumarorlofi og verði þá vetrarorlof samtals 10 dagar. Vetrarorlof skal veitt á tímabilinu 1. október til 1. maí. Vetrarorlof skal starfsmaður nota til að auka þekkingu sína. Ósk um töku vetrarorlofs skal koma fram fyrir 1. maí ár hvert.

Orlof á yfirvinnu er:

10,64% miðað við 25 daga
12,07% miðað við 28 daga.
12,55% miðað við 29 daga
13,04% miðað við 30 daga

Orlofsuppbót

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 verði orlofsuppbót kr. 25.200.

Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30. apríl. eða eru í starfi 1. maí.

4.3.1. Veikindi barna

Á fyrsta starfsári hjá sama vinnuveitanda skal foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð, þangað til rétturinn verður 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili, til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið, og halda þá dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

■ Tjaldstæði í Miðdal

Tjaldsvæði FBM í Miðdal er sívinsælt. Það er eingöngu ætlað félögum í FBM, gestum þeirra og hópum á vegum starfsmannafélaga prentsmiðjanna. Einstaklingar sem eru ekki í neinum tengslum við FBM fá ekki aðgang að svæðinu til að tjalda nema með leyfi umsjónarmanna.

Gjaldið fyrir fyrstu nótt er 1000 kr. og 500 kr. hver viðbótarnótt. Jafnframt er möguleiki að fá aðgang að rafmagni fyrir kr. 400 pr. nótt.

■ Samkomutjald

FBM hefur tvö samkomutjöld til afnota í Miðdal, annað 50 m² og hitt 72 m². Kjöríð tækifæri fyrir starfsmannafélög og aðra sem ætla að vera með hópa á tjaldstæðinu. Verð kr. 10.000 pr. sólarhring.

■ Vinnudagur í Miðdal

Verður haldinn laugardaginn 6. júní n.k. kl. 11. Safnast verður saman við tjaldmiðstöðina í Miðdal. Fjölmörg verkefni liggja fyrir við að snyrta svæðið og halda við tröppum og brúm.

■ Fjölskylduskemmtun FBM og Miðdalsfélagsins

verður haldin laugardaginn 1. ágúst kl. 13.00 í Miðdal. Skemmtunin verður auglýst nánar á vinnustöðum og á vef félagsins.

■ Golfmót FBM

verður haldið laugardaginn 8. ágúst á Golfvelli Dalbúa í Miðdal. Skráning á skrifstofu félagsins í síma 552 8755 eða á fbm@fbm.is

Mótið verður auglýst nánar síðar á vinnustöðum félagsmanna og vef félagsins.

■ Hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem sagt er upp vinnu að fullu eða eru í skertu starfshlutfalli

Vinnumálastofnun sér um afgreiðslu atvinnuleysisbóta. Mikilvægt er að skrá sig áður en uppsagnafrestur rennur út eða strax á fyrsta virka degi í atvinnuleysi og/eða skertu starfshlutfalli. Á höfuðborgarsvæðinu er skrifstofa VMST að Engjateigi 11. Öllum umsóknum um atvinnuleysisbætur er beint í gegnum vefsíðu vinnumálastofnunnar www.vfst.is. Starfsmenn FBM geta aðstoðað félagsmenn við að sækja um atvinnuleysisbætur.

Atvinnuleysisbætur.

Dagpeningar (kr. 6.900 á dag) eru greiddir fyrir fyrstu 10 virku dagana og síðan eru atvinnuleysisbætur 70% af launum – þó aldrei hærra en 242.636 krónur á mánuði í 3 mánuði. Eftir að tekjutengdu tímabili er lokið þá taka við grunnbætur sem að eru 149.523 kr á mánuði.

Hlutabætur eru greiddar í samræmi við skert starfshlutfall. Ef að starfsmaður sækir t.d. um bætur vegna 25% skerts starfshlutfalls þá á hann rétt á tekjutengdum bótum í allt að 12 mánuði. Þeir sem fá atvinnuleysisbætur að fullu þurfa að gæta þess að greiða áfram til stéttarfélaga til að halda réttindum sínum – Vinnumálastofnun sér um greiðslu félagsgjalda til FBM sé þess óskað á umsókn. Félagsgjaldið er 1% af atvinnuleysisbótum.

Atvinnuleysisstryggingasjóður greiðir dagpeninga á öllum lögboðnum frídögum sem að falla á virka daga.

Atvinnuleysisbætur og orlof

Samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingasjóð þá ber þeim sem að þiggja bætur að fara í samtals 24 daga orlof frá 1. júní – 15. september ef að þeir hafa ekki tekið út orlof áður en þeir fóru á atvinnuleysisbætur og fá þeir ekki greiddar bætur á þeim dögum. Það eru ekki greiddar hlutabætur í orlofi. Alla orlofstöku þarf að tilkynna til Vinnumálastofnunnar. Einstaklingurinn ber sjálfur ábyrgð á að gefa upplýsingar um orlofstöku sín. Ef einstaklingur verður uppvís að því að misnota bótakerfið þá hefur Vinnumálastofnun rétt til að beita viðurlögum samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingasjóð.